



Öryggis- og slysavarnir

Áhersla á öryggi nemenda og starfsfólks

Það er eftirsóknarvert og mikilsvert að hlúa sífellt að vellíðan á vinnustaðnum Tjarnarskóla, jafnt fyrir nemendur og starfsfólk.

Eldvarnir - rýmingaráætlun

Við upphaf skólastarfs á hverjum vetri er farið rækilega yfir öryggisþætti sem varða eldvarnir með nemendum og starfmönnum skólans. Skólastjóri hefur umsjón með þeim þætti. Allir fá fræðslu og/eða upprifjun á hvaða öryggisútbúnaður er til staðar í skólanum og hvernig sá búnaður gefur til kynna ef ekki er allt með felldu.

Farið er rækilega yfir rýmingarferli. Nemendur fá minnisblað í hendur. Það minnisblað er „til prófs“ í annarlok 1. annar og 2. annar í námsgreininni mannrækt.

Rýmisæfing fer að jafnaði fram einu sinni til tvisvar á vetri í samvinnu við Securitas sem sér um eldvarnakerfi hússins. Unnið er samkvæmt notendaleiðbeiningum NFS-2-8 varðandi brunakerfið.

Í kjölfar hvernar rýmisáætlunar er metið hvernig til hefur tekist og skráð á minnisblað. Ef ástæða er til úrbóta eru þær gerðar eins fljótt og unnt er.

Rýmingaráætlun

Skólastjóri (eða staðgengill hans):

Áður en rýmisæfing fer fram hefur skólastjóri samband við Securitas til þess að láta vita af æfingunni og tímasetningu hennar. Skólastjóri fær starfsmann til þess að ræsa kerfið með „reykbrúsa“ (spreybrúsa).

Rýmingarleið:

3. hæð: Fara rakiðis niður stigann og út um aðaldyr. (Ef raunveruleg hættu er á ferðum er unnt að krækja léttan ál-brunastiga í festingar á gluggakistu í kennarastofu. Stiginn er geymdur í kassa undir skáp. Æskilegt að einhver haldi í neðri hluta stigans á jörðu niðri ef þess er kostur). Þessi valkostur er ekki inni í æfingunni.

2. hæð: Nemendur í 8. bekk fara rakiðis fram á gang niður stiga og út um aðaldyr, ef sú leið er ekki greið er hægt að fara yfir í hina stofuna á hæðinni og um eldvarnadyr sem liggja inn í næsta hús við hliðina (Safnaðarheimili Dómkirkjunnar). Stigi liggur að útidyrum sem vísa út í portið á milli Safnaðarheimilis/Tjarnarskóla og Iðnó.

1. hæð: Nemendur fara rakleiðis fram á gang og út um aðaldyr.

Ef brunabjöllur fara í gang: Skólastjóri....

- aðgætir stjórnöflu á 1. hæð – slekkur ekki á viðvörunarbjöllum ef um æfingu er að ræða.
- setur skeiðklukku í gang til að mæla tímann sem tekur að rýma húsið ef um æfingu er að ræða.
- Ef hætta er á ferðum – rýmisáætlun fer strax í gang.
- Ef hætta er ekki augljós, þá gengur hann úr skugga um hvaðan boðin koma (hvaða reykskynjari blikkar sem gefur til kynna hvar boðin kveikna).
- Skólastjóri athugar hvort allt starfsfólk (ritari, kennarar) hafi yfirgefið húsið og athugar einnig vistarverur á fyrstu hæð (skólastjóraherbergi, salerni).
- Að lokinni æfingu, eftir nafnakall gefur skólastjóri grænt ljós um að allir megi fara inn aftur.

Kennari:

- Kennari stjórnar rýmingu.
- Kennari athugar hvort útgönguleið sé greið.
- Kennari í kennslustofu fer fyrstur út úr stofunni og stjórnar nemandahópnum sem hann ber ábyrgð á; gengur fuðlaust en ákveðið.
- Kennari tekur með sér blað sem er ávallt staðsett á kennaraborði með sætaskipun nemenda, til að styðjast við nafnakall.

Fyrirmæli til nemenda:

- Kennari segir nemendum að hraða sér fuðlaust en ákveðið út úr húsinu.
- Minnir á að enginn megi taka neitt meðferðis.
- Minnir nemendur á að þegar út er komið eigi þeir að hittast á stéttinni fyrir framan lðnó og raða sér upp í beina röð til þess að auðvelda nafnakall.
- Minnir nemendur á að sá sem er síðastur út úr stofunni eigi að loka dyrum á eftir sér (ef raunveruleg hætta er á ferðum verður þó að gæta þess að snerill gæti verið of heitur til þess). Nemandi ber þó ekki ábyrgð á þessu, einungis um tilmæli að ræða.

Úti:

Nemendur safnast saman á stéttinni fyrir framan lðnó og standa í einfaldri röð – kennari athugar hvort allir hafi skilað sér og kemur upplýsingum til skólastjóra/staðgengils, sem stjórnar rýmingunni.

Nemendur:

Kennari gengur á undan – fumlaust en rösklega og minnir þann sem síðast fer út að loka dyrum á eftir sér og ítrekar að enginn taki neitt með sér heldur komi sér hratt og örugglega út.

- Nemendur fylgja kennara sínum – ekki hlaupa né vera með óþarfa hávaða.
- Nemendur safnast saman þar sem á að hittast (á stéttinni fyrir framan lðnó) og mynda einfalda röð til þess að það gangi hratt og vel fyrir sig að ganga úr skugga um að allir séu komnir út.
- Kennari fer yfir nafnalista og athugar hvort allir hafi skilað sér.
- Kennari lætur rýmingarstjóra vita hvort allir hafi skilað sér.

Ef nemandi er ekki í kennslustofunni t.d. á salerni eða eldhúsi gildir alltaf reglan: Hraða sér út úr húsinu og fara í hóp bekkjarfélaga á stéttinni fyrir framan lðnó.

Sama gildir um kennara/starfsmann sem er ekki í kennslustofu, heldur í öðrum vistarverum. Hraðar sér út og gefur sig fram við skólastjóra/staðgengil.

Að lokinni æfingu fara allir aftur inn í húsið eftir að skólastjóri hefur gefið merki um það.

Skólastjóri slekkur á viðvörunarbjöllum og endurstillir kerfið.

Samstarf við Vinnuvernd ehf - áhættumat

Tjarnarskóli er aðli að Samtökum sjálfstæðra skóla, SSSK. Á þeirra vegum var unnið útboð um vinnuvernd og í kjölfarið var gengið að tilboði Vinnuverndar ehf. árið 2013. Við í Tjarnarskóla gerðum samkomulag við þennan aðila en samkomulagið felur m.a. í sér:

- | |
|---|
| <ul style="list-style-type: none">a) Fræðsla af ýmsu tagi s.s. skyndihjálparnámskeið, námskeið um líkamsbeitingu og fleira.b) Ráðgjöf, s.s. um áhættumat.c) Aðgangur að vinnustaðasálfræðingi.d) Aðstoð við að gerð áhættumats |
|---|

Áhættumat

Áhættumat liggur fyrir samkvæmt lögum. Það var unnið í samvinnu við Vinnuvernd ehf. 2012 – 2013 og er endurskoðað á hverju skólaári.

Skólastjóri og starfsmenn unnu saman að **vinnuumhverfisvísi** sem miðast við lög og reglugerðir um vinnuvernd, undir leiðsögn starfsmanns Vinnuverndar ehf. Áætlun og viðbrögðu um eftirfarandi þætti eru tilgreind í skjalinu sem er yfirfarið á kennarafundi einu sinni á ári. Ef úrbóta er þörf er gerð áætlun um aðgerðir. Helstu efnisþættir eru:

- Vinnurými
- Inniloft
- Efni og efnaáhrif

- Lýsing og birtuskilyrði
- Hávaði
- Vekstöðvar; líkamlegt álag/líkamsbeiting
- Félagslegur og andlegur aðbúnaður
- Starfsmannarými
- Ræstiklefar
- Húsnæði/umhverfi
- Öryggisbúnaður
- Sérrými
- Sundlaugar
- Íþróttasalir

Vinnuvernd hefur einnig séð um námskeið um góða líkamsbeitingu fyrir starfsmenn

Vinnuvernd hefur námskeið í hjálp í viðlögum annað hvert ár.

Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits gildir til 2030

Endurnýjun starfsleyfis fékkst 4. desember 2018 og gildir til 4. desember 2030. Fulltrúi heilbrigðiseftirlits kemur í heimsókn einu sinni á ári og gerir skýrslu. Þær hafa verið athugasemdalitlar/athugasemdalausar í gegnum tíðina.

Reglubundið eftirlit rafvirkja

Þar sem skólahúsnæðið er komið til ára sinna (húsið er timburhús og byggt árið 1906) er mikilvægt að huga að því að engin hætta skapist út frá rafmagni. Á hverju ári kemur rafvirki og fer yfir stöðu mála og gengur úr skugga um að ljós við neyðarútganga séu í góðu lagi.

Handþvottur og almennt hreinlæti

Í umgengisreglum eru nemendur hvattir til góðrar umgengni og nemendur eru minntir á mikilvægi handþvottar. Í kjölfar covid faraldrar hafa þær reglur verið hertar í samræmi við tilmæli sóttvarnalæknis. Þess er ávallt gætt að sápa, pappírspurrkur og spritt sé aðgengilegt fyrir nemendur og starfsfólk.

Viðbrögð við vá í Tjarnarskóla

Mikilvægt er að nemendur, starfsfólk og foreldrar séu upplýstir um að skólinn hafi viðbragðsáætlanur um mjögulega vá sem getur steðjað að. Ávallt er lögð áhersla á að öryggi nemenda og starfsfólks sé til fyrirmyndar í skólanum.

Skólastjóri hefur forgang um að tryggja sem best öryggi nemenda og að lögum og reglugerðum þar að lútandi sé fylgt í hvívetna.

Náttúruvá

Viðbrögð við eldgosum og eldingarhættu jökulhlaupum og gaseitrun.

Á vef Veðurstofu Íslands eru góðar leiðbeiningar um viðbrögð við eldgosum og eldingarhættu. Þar má nálgast með hvaða hætti er best að bregðast við:

https://www.vedur.is/skjalftar-og-eldgos/frodleikur/eldgos_vidbrogd/

Viðbrögð við jarðskjálftum

https://www.vedur.is/skjalftar-og-eldgos/frodleikur/jardskjalftar_vidbrogd/

Við annars konar náttúruvá s.s. snjóflóðum, jökulhlaupum, flóðum í ám og vötnum, aurskriðum má nálgast opinberar ráðleggingar á vefnum

<https://vefur.island.is/thjonusta/ferdalag-og-samgongur/natturuhamfarir/natturuva/>

Viðbrögð við óveðri

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins heldur úti mjög greinargóðum vef fyrir foreldra og skólstarfsmanna um viðbrögð við óveðri í samvinnu við Veðurstofu Íslands. Á heimsíðu skólans eru hlekkir sem vísa í viðbrögð ef von er á óveðir eða óveður stendur yfir:

<http://shs.is/index.php/fraedsla/roskun-a-skolastarfi/>

Viðbrögð við sjúkdómavá

Ef vá skapast vegna sjúkdóma er fylgt ráðgjöf og viðbúnaði sem stjórnað er af hálfu Landlæknis og Almannavarna.

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

